

Nd.
um almenningsbókasöfn.

287. Frumvarp til laga

[163. mál]

Frá menntamálanefnd.

I. KAFLI

Um bæjar- og héraðsbókasöfn.

1. gr.

Almenningsbókasöfn eru: 1. bæjar- og héraðsbókasöfn, 2. sveitarbókasöfn, 3. bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana, sem talðar eru upp í III. kafla laga þessara. Öll slík bókasöfn skulu hlíta lögum þessum.

2. gr.

Landinu skal skipt í bókasafnshverfi eins og hér segir:

1. Reykjavík.
2. Kópavogskaupstaður.
3. Hafnarfjörður og Garða-, Bessastaða- og Vatnsleysustrandarhreppar í Gullbringusýslu.
4. Keflavík og Gullbringusýsla að takmörkum Vatnsleysustrandar- og Njarðvíkurhreppa.
5. Kjósarsýsla.
6. Akranes og fjórir syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
7. Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fjórum syðstu hreppunum.
8. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
9. Dalasýsla.
10. Austur-Barðastrandarsýsla.
11. Vestur-Barðastrandarsýsla.
12. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
13. Ísafjörður og Norður-Ísafjarðarsýsla.
14. Strandasýsla.
15. Vestur-Húnavatnssýsla.
16. Austur-Húnavatnssýsla.
17. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.
18. Siglufjörður.
19. Ólafsfjörður.
20. Akureyri og Eyjafjarðarsýsla.
21. Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla.
22. Norður-Þingeyjarsýsla.
23. Fljótshálsa.
24. Seyðisfjörður og Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar- og Vopnafjarðarhreppar og Skeggjastaðahreppur í Norður-Múlasýslu.
25. Neskaupstaður og Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppar.
26. Suður-Múlasýsla að undanskildum Skriðdals-, Valla-, Egilsstaða-, Eiða-, Mjóafjarðar- og Norðfjarðarhreppum.
27. Austur-Skaftafellssýsla.
28. Vestur-Skaftafellssýsla.
29. Rangárvallasýsla.
30. Vestmannaeyjar.
31. Árnessýsla.

3. gr.

Í hverju bókasafnshverfi skal vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn. Aðsetur þessara bókasafna skulu vera sem hér greinir:

1. Reykjavík, 2. Kópavogskaupstaður, 3. Hafnarfjörður, 4. Keflavík, 5. Hlégarður í Mosfellssveit, 6. Akranes, 7. Borgarnes, 8. Stykkishólmur, 9. Búðardalur, 10. Reykhólar, 11. Patreksfjörður, 12. Flateyri, 13. Ísafjörður, 14. Hólmavík, 15. Hvammsangi, 16. Blönduós, 17. Sauðárkrókur, 18. Siglufjörður, 19. Ólafsfjörður, 20. Akureyri, 21. Húsavík, 22. Kópasker, 23. Egilsstaðir á Fljótshéraði, 24. Seyðisfjörður, 25. Neskaupstaður, 26. Eskifjörður, 27. Höfn í Hornafirði, 28. Vík í Mýrdal, 29. Hvals-völlur, 30. Vestmannaeyjar, 31. Selfoss.

Stjórn bókasafns getur með samþykki bókafulltrúa ákveðið bókasafni annað aðsetur innan bókasafnshverfisins en mælt er fyrir um í þessari grein.

4. gr.

Hlutverk þessara bókasafna er að efla almenna menntun með því að gefa mönnum kost á að lesa góðar bækur, svo og á annan hátt, eftir því sem ástæður leyfa. Til hvers bókasafns skal afla innlendra bóka og rita, þjóðlegra fræða, skáldverka og rita um hagnýt efni. Leggja skal og áherzlu á öflun merkra erlendra bóka, eftir því sem kostur er á, og þá einkum skáldrita, sagnrita og rita um atvinnulíf og annarra rita, er stuðla að því að efla almenna menntun. Bókasöfnin í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skulu skyld að varðveita eitt eintak af hverju íslensku riti, sem prentað er. Skulu þau sakir þessarar skyldu njóta árlegs aukastyrks úr bókasafnasjóði, sem sé ákveðinn af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum bókafulltrúa.

5. gr.

Bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum svo víðtæka útlánastarfsemi, að bóka-kostur þeirra megi koma bæjarbúum að sem fyllstum notum miðað við stærð safnanna, fjölbreytni, fjárhag og aðrar aðstæður. Þá skulu og bæjarbókasöfn starfrækja lestrarsal eða lestrarsali, svo sem fært er vegna rúms og fjárhagsgetu. Skylt er bóka-vörðum að leiðbeina um bókaval, eftir því sem unnt er og heppilegt þykir, og sérstaklega skulu þeir vera þeim notendum safnanna hjálplegir um ráð og leiðbeiningar, sem óska fræðslu eða heimilda um ákveðin efni. Þá sé bóka-vörðum og skylt að veita framhaldsskólanemendum skipulagsbundna fræðslu um notkun bóka-safna almennt og öflun heimilda um ákveðin efni, ef skólanefndir óska þess og húsakostur bókasafnsins leyfir. Héraðsbókasöfn skulu hafa sömu skyldur í hreppum, þar sem þau eru staðsett, og bæjarbókasöfn í bæjum. Einnig skulu þau með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum (sbr. 31. gr.) lána um bókasafnshverfið bækur, sem ekki er kostur á í hlutaðeigandi sveitarbókasafni. Þetta nær og til bæjarbókasafna, sem jafnframt eru héraðsbókasöfn.

Bókavörðum þessara safna skal skylt, eftir því sem við verður komið, að senda fáorðar skriflegar upplýsingar um fróðleiksatriði, þegar um þær er beðið í skynsamlegum tilgangi að dómi bókavarda. Þá skulu og þessir bókaverðir hafa eftirlit með rekstri sveitarbókasafna og bókasafna í framhaldsskólum, sjúkrahúsum og hælum, hver í sínu bókasafnshverfi, og leiðbeina bókavörðum og stjórnnum bóka-safna um flokkun, skráningu, afgreiðsluhætti og skýrslugerð. Skal þeim greiddur ferðakostnaður vegna eftirlitsins úr bókasafnasjóði, samkv. tillögum bókafulltrúa.

6. gr.

Hvert bæjar- og héraðsbókasafn skal vera sjálfseignarstofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar og bókafulltrúa og fræðslumála-stjóra. Skulu bæir og sýslur sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, enda njóti þau til húsabóta styrks úr bókasafnasjóði, og sömu aðilar skulu, ásamt bókasafnasjóði,

leggja söfnunum rekstrarfé samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir skulu og úrskurða reikninga safnanna.

7. gr.

Fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna skulu greidd þannig:
Bæir og hreppar, þar sem safn er staðsett, skulu greiða:

Bæir og hreppar með færri en 3 þús. íbúa	kr. 30.00 á íbúa
— — — — 3 þús. íbúa, en færri en 5 þús.	— 25.00 - —
— — — — 5 þús. íbúa og þar yfir	— 20.00 - —

Bókasafnasjóður skal greiða til safnanna:

Í bæjum og hreppum með færri en 1 þús. íbúa	kr. 30.00 á íbúa
- — — — — 1 þús., en undir 3 þús. íbúa	— 25.00 - —
- — — — — 3 þús., en undir 5 þús. íb. ..	— 20.00 - —
- — — — — 5 þús., en undir 10 þús. íb.	— 15.00 - —

Nái íbúatala bæjar 10 þús., skal greiðsla bókasafnasjóðs lækka um kr. 2.50 á íbúa og síðan um sömu upphæð fyrir hverja 5 þús. íbúa, unz hún er komin niður í kr. 7.50 á íbúa.

Framlög sýslufélaga eða hluta sýslufélaga til héraðsbókasafna skulu vera kr. 7.00 á íbúa og greiðast úr sýslusjóði, og skal bókasafnasjóður greiða jafnháa upphæð á móti.

Fjárframlög skal miða við mannfjölda í bókasafnshverfum, eins og hann er í ársbyrjun.

Skal hagstofan fyrir lok febrúarmánaðar gefa bókafulltrúa skýrslu um mannfjölda í hverju bókasafnshverfi. Skal mannfjöldaskýrslan vera þannig sundurliðuð, að glögglega sjáist, hvað hverjum aðila beri að greiða. Ber bókafulltrúa að tilkynna stjórnnum bókasafnanna mannfjölda í bókasafnshverfi.

Skulu framlög bókasafnasjóðs greiðast með tvennum jöfnum greiðslum, hin fyrri fyrir lok aprílmánaðar, að fengnum starfsskýrslum og reikningum safnanna, og hin síðari fyrir lok septembermánaðar.

Gjalddagar annarra framlaga skulu vera eins og hér segir:

Framlög bæja og hreppa til bæjar- og héraðsbókasafna skulu greidd fjórum sinnum á ári, sú fyrsta fyrir lok marzmánaðar og sú síðasta fyrir áramót. Framlög sýslna til héraðsbókasafna skulu greidd fyrir 1. september.

8. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem bókasafn er staðsett, og sýslunefnd kjósa stjórn safnsins, að afstöðnum kosningum bæjarstjórna og sýslunefnda, fyrir kjörtímabilið. Í stjórn bókasafns skulu eiga sæti 3 eða 5 menn, eftir því sem þeir aðilar ákveða, sem hana kjósa. Rísi ágreiningur milli aðila um fjölda stjórnarmanna, sker bókafulltrúi úr.

Þar sem að héraðsbókasafni stendur bæði kaupstaður og eitt eða fleiri sýslufélög eða hluti sýslufélags, skal fara um fjölda stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu.

9. gr.

Stjórn bókasafns skal hafa eftirlit með húsakynnum safnsins og bókaeign þess og öðru því, sem safnið varðar.

Í marz mánuði ár hvert skal stjórn bókasafns senda hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og bókafulltrúa skýrslu um starfsemi safnsins á liðnu ári, hag þess og bókakaup.

10. gr.

Stjórn bókasafns er heimilt, að fengnu samþykki sveitar- eða bæjarstjórnar, að stofna og reka bókasafnsútibú. Skulu þau vera undir stjórn aðalbókasafns og hlíta reglum, sem þeim verða settar og staðfestar verða af bókafulltrúa.

11. gr.

Bókaverðir við bæjar- eða héraðsbókasöfn, þar sem bókavörzlan er aðalstarf, geta þeir einir orðið, sem uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrða:

1. Hafa tekið próf í bókasafnsfræðum við Háskóla Íslands.
2. Hafa lokið slíku prófi við erlenda skóla í bókasafnsfræðum og auk þess annað tveggja numið einn vetur bókasafnsfræði í Háskóla Íslands eða starfað eitt ár sem nemandi í íslensku bæjarbókasafni.
3. Hafa lokið meistaraprófi í íslenskum fræðum og kynnt sér í eitt missiri skráningu bóka og afgreiðsluhætti í íslensku bæjarbókasafni eða svipuðu safni erlendis.
4. Hafa haft á hendi, þegar lög þessi öðlast gildi, bókavörzlu í íslensku bæjarbókasafni sem aðalstarf ekki skemur en eitt ár, enda hafi þeir einróma meðmæli bókasafnsstjórnar og einnig yfirbókavörðar, þar sem eru fleiri en einn bóka-vörður.

Tala bókavörða við bæjar- og héraðsbókasöfn skal ákveðin af bókasafnsstjórn, og sé hún bundin samþykki bókafulltrúa.

12. gr.

Laun bókavörða, sem hafa bókavörzlu að aðalstarfi, og nema í bókasöfnum skulu vera eins og hér segir:

- a. Yfirbókavörðir í Reykjavík og á Akureyri skulu taka laun samkv. V. fl. launalaga.
- b. Tveir bókavörðir í Bæjarbókasafni Reykjavíkur og yfirbókavörðir bókasafna, þar sem bókavörzlan er aðalstarf fleiri bókavörða, skulu taka laun samkv. VI. fl. launalaga.
- c. Aðrir yfirbókavörðir skulu taka laun samkv. VII. fl. launalaga.
- d. Aðrir bókavörðir skulu taka laun samkv. VIII. fl. launalaga.
- e. Nemandi skulu taka hálf laun samkv. VIII. fl. launalaga.

Auglýsa skal bókavörðarstöður með ekki minna en mánaðar umsóknarfresti. Í auglýsingu skal getið launakjara og vísað til laga um réttindi til starfsins.

Þegar umsóknarfrestur er liðinn, skal bókasafnsstjórn tilnefna, ef fjöldi umsækjenda leyfir, ekki færri en þrjá umsækjendur og í þeirri röð, sem hún telur helst koma til greina. Skulu tillögur hennar síðar sendar bókafulltrúa, ásamt umsóknum. Skal hann senda bókasafnsstjórn rökstutt álit um, hver hljóta beri stöðuna, og síðan skal bókasafnsstjórn setja í hana til eins árs einhvern hinna þriggja umsækjenda.

Að ári liðnu skal staðan auglýst á ný og þá í hana skipað eftir sömu reglum og við setningu.

13. gr.

Stjórn bæjar- og/eða héraðsbókasafns, þar sem bókavörzlan er ekki aðalstarf, ræður mann til starfsins um óákveðinn tíma, og skal hún gera sér far um að fá til þess þann hæfasta, sem völ er á. Leita skal hún álits bókafulltrúa um hæfni þess manns, sem hún hyggst ráða, og telji hann manninn óhæfan til starfsins, skal sá ekki ráðinn. Maður, sem ráða skal til bókavörzlu, verður að skuldbinda sig til að kynna sér svo, að bókafulltrúi telji viðhlitandi, skráningu og flokkun bóka og afgreiðsluhætti og skýrslugerð í íslensku bæjarbókasafni.

Laun bókavörðar skulu ákveðin í samráði við bókafulltrúa.

II. KAFLI Um sveitarbókasöfn.

14. gr.

Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kauptúna, þar sem héraðsbókasöfn eru starfandi, skal vera sveitarbókasafn, nema annað komi til samkv. lögum þessum (sbr. 15. gr.).

Sveitarbókasafn skal rekið af hlutaðeigandi sveitarstjórn(um), lestrarfélagi (lestrarfélögum) eða öðrum félagssamtökum sveitarinnar.

Þar, sem ekki starfar sveitarbókasafn, skal sveitarstjórn stofna eða láta stofna slíkt safn eigi síðar en að ári liðnu frá gildistöku þessara laga.

15. gr.

Kjosi tveir eða fleiri hreppar eða lestrarfélög í tveim eða fleiri sveitarfélögum að sameinast um eitt sveitarbókasafn, skal þeim það heimilt. Sveitarstjórn skal heimilt að undangenginni samþykkt á almennum hreppsfundum að fela héraðsbókasafni það hlutverk, sem ætlað er sveitarbókasafni samkvæmt lögum þessum, enda renni þá til héraðsbókasafnsins það framlag hlutaðeigandi sveitarsjóðs og ríkissjóðs, sem sveitarbókasafni ber (sbr. 16. gr.).

16. gr.

Fjárframlög til sveitarbókasafna skulu greiddast þannig:

Þar sem sveitarbókasafn er rekið af sveitarstjórn, skal úr sveitarsjóði greidd fjárhæð, sem nemur eigi minna en kr. 10.00 á hvern íbúa sveitarinnar samkvæmt síðasta manntali, og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr bókasafnasjóði.

Njóti sveitarbókasafn hærri fjárstyrks úr sveitarsjóði eða úr félagssjóðum en sem nemur kr. 10.00 á hvern íbúa, skal skylt að greiða úr bókasafnasjóði 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti herra heildarframlagi en sem nemur kr. 30.00 á hvern íbúa sveitarinnar, þar sem búa fleiri en 150 manns, og kr. 40.00 í hreppum, sem í eru aðeins 150 íbúar eða færri.

17. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 14. gr., skal skipuð 3 mönnum, kosnum af sveitarstjórn að afloknum hreppsnefndarkosningum og til 4 ára.

18. gr.

Þar sem lestrarfélag (lestrarfélög) eða önnur félagssamtök annast rekstur sveitarbókasafns, skal um fjárframlög til bókasafnsins frá félagssamtökunum og bókasafnasjóði fara eftir sömu reglum og segir í 16. gr., og nái ekki fjárframlag félags eða félaga því lágmarki, sem ákveðið er í 16. gr., skal greiða muninn úr sveitarsjóði.

19. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 14. og 18. gr. laga þessara, skal skipuð þrem mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, á hverjum aðalfundi félags. Hinn þriðja kys hlutaðeigandi sveitarstjórn til 4 ára.

Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög eða félagssamtök í tveim eða fleiri sveitarfélögum standa að sveitarbókasafni, skal stjórnin skipuð fimm mönnum, og fer um tölu stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna og bókafulltrúa.

20. gr.

Skylt er sveitarstjórn(um) að sjá sveitarbókasafni fyrir húsnæði.

21. gr.

Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 18. gr., að reka sveitarbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) skylt að taka það í sínar vörzlur og reka það samkv. lögum þessum. Rísi ágreiningur út af slíkum skiptum, skal hlíta úrskurði menntamálaráðuneytisins.

22. gr.

Stjórn sveitarbókasafns skal starfa undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna), og skulu reikningar þess endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum öllum þeim, sem búa í því sveitarfélagi (þeim sveitarfélögum), sem það tilheyrir. Hún skal ráða safninu bókavörð og leitast við að fá til bókavörzlu áhugasama menn um bækur og bóklestur. Greiða má bókaverði þóknun, en háð skal hún samþykki bókafulltrúa. Gefi bókavörður safninu þá þóknun, sem honum er ætluð, reiknast hún safninu til tekna.

23. gr.

Í fjölmönnum kauptúnum skal að því stefnt að starfrækja lestrarsal, afla safninu handbóka og fræðibóka um atvinnulif og tækni og koma á kennslu handa unglungum í notkun bókasafns. Um ráðningu bókavarda slíkra safna gildi sömu reglur og um ráðningu þeirra, sem um er fjallað í 13. gr.

24. gr.

Í marz mánuði ár hvert skal stjórn sveitarbókasafns senda hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um hag og rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og skal þá bókafulltrúi hlutast til um, að safnið fái styrk þann, sem því ber úr bókasafnasjóði fyrir liðið ár.

III. KAFLI

Um bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana.

25. gr.

Heimilt er að stofna og reka bókasöfn með styrk úr bókasafnasjóði í skólum (barnaskólum og framhaldsskólum), svo og í sjúkrahúsum landsins, heilsuhælum, fangahúsum, elliheimilum og öðrum vistheimilum.

26. gr.

Skólabókasöfn, sem um getur í 25. gr., skulu njóta árlega framlags úr bókasafnasjóði, eins og hér segir:

1. Í heimavistarskólum kr. 20.00 á hvern nemanda og starfsmann, miðað við fjölda nemenda, kennara og annars starfsfólks í byrjun skólaárs, enda fái safnið jafnháan fjárstyrk annars staðar frá.
2. Til bókasafna annarra skóla kr. 20.00 á hvern nemanda, miðað við tölu þeirra í byrjun skólaárs, og skal það bundið sama skilyrði og framlag til bókasafna í heimavistarskólum.

Hljóti skólabókasafn herra heimaframlag en sem nemur kr. 20.00 á hvern einstakling, sem framlög miðast við, skal skylt að greiða tvö fyrstu starfsárin 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti herra framlagi en sem nemur kr. 40.00 á hvern einstakling, sem við er miðað.

Skólastjóri skal hafa eftirlit með skólabókasafni, ráða því bókavörð og sjá um, að það komi að sem fyllstum notum, og skal hann veita eða láta veita nemendum tilsögn í notkun bókasafna, eftir því sem aðstæður leyfa. Þá skal skólastjóri í lok skólaárs senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu skólaári fyrir 1. ágúst ár hvert, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að bókasafn skólans fái úr bókasafnasjóði framlag það, sem því ber fyrir liðið skólaár.

27. gr.

Námsstjórar skulu á ferðum sínum um landið hyggja að rekstri, aðbúnaði og starfi bókasafna í barnaskólum og gefa bókafulltrúa skýrslu um ástand þeirra og starfrækslu og þá einkum víkja að einstökum söfnum, ef sérstök ástæða þykir til umbóta eða rekstri og aðbúnaði er þannig farið, að verða megi til fyrirmyndar.

28. gr.

Til þess að stuðla að aukningu góðs bókakosts handa börnum og unglimum skal árlega veita úr bókasafnasjóði tvenn verðlaun, að upphæð kr. 15000.00 og kr. 10000.00, fyrir frumsamdar barna- eða unglingsbækur, sem út koma á árinu og verðugar þykja slíkra verðlauna.

29. gr.

Fræðslumálastjóri skal tilnefna til fjögurra ára í senn tvo kennara, er hafa kynnt sér rekstur skólabókasafna, sem ráðunauta bókafulltrúa til leiðbeiningar um bókaval og starfstilhögun bókasafna í skólum. Þeir skulu og ásamt bókafulltrúa velja barna- og unglingsbækur til verðlauna, sbr. 28. gr. og lög um bókasafnasjóð.

30. gr.

Bókasöfn þau, sem um getur í 25. gr., önnur en skólabókasöfn, skulu njóta árlegs styrks úr bókasafnasjóði, sem nemur kr. 40.00 á rúm sjúkrahúss, eins og þau eru talin samkvæmt skýrslu landlæknis, eða tölu vistmanna í hæli, eins og hún er í ársbyrjun, gegn sömu upphæð frá öðrum.

Bókasöfn þessi skulu vera undir umsjá stjórnar stofnunarinnar, en heimilt er henni að fela framkvæmdastjóra stofnunarinnar eða öðrum starfsmanni hennar forsjá safnsins.

Stjórn bókasafnsins (stofnunarinnar) skal í marzmánuði ár hvert senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að safnið fái styrk þann úr bókasafnasjóði, sem því ber.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

31. gr.

Öll almenningubókasöfn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skal geyma í góðum, rakalausum húsakynnum.

Allar óbundnar bækur þeirra skal binda í traust band, jafnóðum og því verður við komið.

Aldrei má lána út óbundna bók eða lausa úr bandi.

Allar bækur, sem safn eignast, skulu skráðar í aðfangabók og tölusettar og auðkenndar sem eign safnsins. Skulu þær skipulega flokkaðar og þeim raðað.

Jafnan skal vera í bókasafni handhæg bókaskrá fyrir notendur safnsins og bókavörð.

Heimilt er stjórnnum bókasafna að setja í sérstakan flokk bækur, sem ekki skal lána úr bókasafni, svo sem fágætar bækur, orðabækur og ýmsar handbækur, en lána skal þær á lestrarsal.

32. gr.

Öll almenningubókasöfn landsins skulu hafa samstarf sín á milli um gagnkvæm bókalán og bókaskipti, eftir því sem hagkvæmt þykir. Um bókaskipti skal leita ráða og samþykkis bókafulltrúa. Aldrei má gefa eða selja bók úr almenningubókasafni nema með samþykki bókafulltrúa.

33. gr.

Skylt er, að hvert það bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er upp í lögum þessum, fái ókeypis eitt eintak af Alþingistiðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum hagstofunnar, lagasafni, hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum millipinganeftnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir þess gefa út. Enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga. Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, og er skylt að láta binda Alþingistiðindi og Stjórnartíðindi.

Heimilt er öðrum almenningubókasöfnum að fá ókeypis þau ofantalinna rita, er þau óska, ef þau hlíta settum reglum að binda þau og geyma.

34. gr.

Stjórn bókasafns skal setja safninu reglur um útlán bóka, lestrarstofur, réttindi og skyldur lánþega og annað, er varðar rekstur safnsins samkv. lögum þessum. Bókafulltrúi skal gefa safnsstjórn leiðbeiningar um slíkar reglur, og skulu þær staðfestar af honum. Enn fremur skal stjórn bókasafns setja bókavörðum erindisbréf. Skal bókafulltrúi semja fyrirmynd að slíkum erindisbréfum, enda skulu þau háð samþykki hans.

35. gr.

Ef stjórn bókasafns vanrækir að senda tilskildar skýrslur um starfsemi safnsins og gera reikningsskil á lögskildum tíma, skal safninu ekki greiddur styrkur úr bókasafnssjóði, fyrr en úr hefur verið bætt. Dragist að gera lögskil, skal það tilkynnt hlutaðeigandi bæjarstjórn, sýslumanni eða sveitarstjórn. Sé ekki að heldur bætt úr, skal bókafulltrúi hlutast til um, að menntamálaráðuneytið hafi afskipti af málinu.

36. gr.

Ef bæjarstjórn, sýslunefnd eða sveitarstjórn vanrækir þær skyldur, sem þeim eru lagðar á herðar í lögum þessum um fjárframlög, framkvæmanlega fyrirgreiðslu um öflun hagkvæms húsnæðis handa söfnum og kosningu stjórna, skal bókafulltrúi áminna þær skriflega. Reynist það ekki fullnægjandi, skal hann óska íhlutunar menntamálaráðuneytisins.

37. gr.

Skylt er að vát tryggja öll bókasöfn, sem lög þessi taka til, og skal leita álits bókafulltrúa um váttryggingarupphæðina.

V. KAFLI Um bókafulltrúa.

38. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa sérstakan bókafulltrúa í skrifstofu fræðslu-
málastjóra. Hann skal hafa starfað sem bókaforður í einhverju af hinum stærri
bæjarbókasöfnum, vera bókmenntafróður og hafa sýnt áhuga á fræðslu- og menn-
ingarmálum. Bókafulltrúi skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum lands-
ins, leiðbeina stjórnnum þeirra og bókaforðum um bókaforð og allt, sem að rekstri
bókasafna lýtur, og koma á, í samstarfi við Bókavarðafélag Íslands, námskeiðum
handa bókaforðum, sem ekki hafa bókaforðu að aðalstarfi. Hann skal og vera
ráðunautur menntamálaráðuneytisins um öll málefni bókasafna.

Laun hans skulu vera samkvæmt VI. launaflokki laga um laun starfsmanna
ríkisins.

VI. KAFLI Um gildistöku laganna.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 42 frá
18. maí 1955, um almenningsbókasöfn.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis flutti menntamálanefnd neðri deildar á síðasta þingi, að
beiðni menntamálaráðherra, og flytur nefndin málið á ný að beiðni ráðherrans, en
einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum.
Breytt er ákvæðum 8. gr. um kosningu stjórna bæjar- og héraðsbókasafna, þar sem
nú er ekki gert ráð fyrir, að menntamálaráðherra skipi formenn þeirra. Enn
fremur er breytt ákvæðum 12. gr., þar sem gert var ráð fyrir, að ráðherra skipaði
bókaverði við þessi söfn, — nú skulu stjórnir safnanna ráða þá. Aðrar breytingar
eru mjög smávægilegar. Fylgdi frv. ýtarleg greinargerð, sem hér fer á eftir að
mestu óbreytt:

1.

Þegar löggin um almenningsbókasöfn voru samin og samþykkt, var þar um að
ræða algera nýsmíð. Um þessi mál höfðu engin heildarlög verið sett, en árið 1937
voru samþykkt lög um lestrarfélög, þar sem ákveðið var að innheimta skemmtana-
skatt með 15% álagi — og að tveir þriðju hlutar álagsins rygnu til lestrarfélaga.
Þessu fé var úthlutað af fræðslumálaskrifstofunni gegn skilyrðum um reikningsskil
og skýrslugerð um aukningu bókaforðs og tölu útlánaðra binda. Fræðslumálaskrif-
stofan gekk mjög ríkt eftir því, að skilyrðin væru uppfyllt, og um leið og þessi lög-
gjöf örvaði allmikið starfsemi lestrarfélaganna, kom hún á hana miklum mun betri
skipan en áður hafði tíðkapt. En bráðlega urðu þarna umskipti til hins verra. Hinu
háa Alþingi þóknaðist að rýra þær tekjur, sem lestrarfélögunum voru ætlaðar með
lögnum frá 1937.

Starfsemi bæjar- og sýslubókasafna var ekki háð neinu eftirliti af ríkisins hálfu,
þó að lestrarfélögin væru krafín um reikningsskil og skýrslugerð, enda ríkisstyrkur
til slíkra safna nauðalíttill. Í sumum bæjunum var almenningsbókasöfnum allmikill
sómi sýndur, en í öðrum lítill eða alls enginn. Og fæst af hinum gömlu sýslubóka-
söfnum voru starfandi, sum, sem áður höfðu verið starfrækt af myndarskap og með
góðum árangri um áratugi, voru lokuð inni í ónothæfum húsakynnum, almenníngi
alls ekki gefinn kostur á að nota þau.

Ástandið í bókasafnmálum Íslendinga var því algerlega ósæmandi og engan
veginn sambærilegt við skipan þessara mála í öðrum vestrænum löndum, þar sem
lögð er áherzla á fræðslu alls almennings. Jafnvel í þeim bæjum hér á landi, þar sem

bezt var búið að almenningsbókasöfnum, voru þau að húsakosti og möguleikum til virkrar starfrækslu langt neðan við meðallag slíkra stofnana með frændþjóðum okkar á Norðurlöndum, svo að ekki sé skirskotað til safna í þeim ríkjum í Bandaríkjunum, þar sem mest áherzla er lögð á starfrækslu almenningsbókasafna.

2.

Öllum, sem stóðu að samningu laganna um almenningsbókasöfn frá 1955, var það ljóst, að þar var aðeins stigið fyrsta sporið til gengis slíkum stofnunum. Þeir gerðu sér fulla grein fyrir, að fjárframlög til safnanna voru ákveðin allt of lág, en þeir töldu ekki nema eðlilegt, að fjárveitingavaldið vildi ekki bæta á fjárlög í einu stærri upphæð til þessara mála en ákveðin var í lögnum. Hins vegar efuðust þeir ekki um, að mikið væri við það unnið að fá heildarlöggjöf um skipan almenningsbókasafna, og töldu vist, að fljótlega yrði bætt um starfsskilyrði safnanna með nýrri og fullkomnari löggjöf.

Þegar löggin komu til framkvæmda, sýndi það sig, að þau juku að miklum mun tekjur flestra lestrarfélaga, auk þess sem þau höfðu í för með sér stofnun sveitarbókasafna, þar sem engin slík söfn höfðu starfað áður. Enn fremur endurvöktu þau lestrarfélög, sem höfðu verið starfslaus um langt árabíll. Þau komu og bættu skipan á starfsemi margra safna í sveitum og þorpum og vöktu áhuga á auknu starfi.

Þá voru og stofnuð bæjar- og héraðsbókasöfn, þar sem engin voru fyrir, og gömlu sýslubókasöfnin endurvakin undir nýjum nöfnum. Einnig jókst fyrir tilkomu laganna starfsemi flestra þeirra bæjarbókasafna, sem starfrækt höfðu verið.

Eins og vænta mátti, kom það þegar í ljós, eftir að löggin frá 1955 komu til framkvæmda, að framlögin voru of lág, til þess að starfsemi safnanna gæti orðið svipuð því, sem sjálfsagt er talið í nágrannalöndunum, og eftir því sem lengra leið, jókst bilið milli íslenskra almenningsbókasafna og sambærilegra stofnana með lýðræðisþjóðum Vesturlanda, því að á síðustu árum hefur starfrækslu slíkra stofnana með lýðræðis- og menntaþjóðum í Vestur-Evrópu fleygt fram, en hér hefur aðstöðu þeirra til starfa hrakað að miklum mun.

Bókafulltrúi rökstuddi það við menntamálaráðuneytið haustið 1958, að á árunum 1954—1958 hefði bókaverð hér á landi hækkað um nærfellt 70% og annað, sem hefur áhrif á rekstur safnanna, að minnsta kosti um 25%. Síðan hefur bókaverð enn hækkað, svo að hækkunin nemur um 85%. Er öllum auðsætt, hve aðstaða safnanna hefur versnað aðeins fyrir þessar sakir, frá því að löggin um almenningsbókasöfn voru samín og sett, enda svo komið, að ef tekið er tillit til hækkunarinnar á verði bóka, var nákvæmlega sömu upphæð úthlutað til sveitarbókasafna árið 1959 eins og 1955, seinasta árið, sem hin gamla skipan um framlög af skemmtanaskatti hélzt.

3.

En þó að rétt væri það, sem hallazt hefur frá 1954, það ár, sem gerðar voru tilögur um framlögin af þeim, sem sömdu frumvarp um almenningsbókasöfn, væri engan veginn haldið í horfinu. Það væri alls ekki eðlilegt, að söfnunum væri nú eftir fimm ára starf samkvæmt hinum nýju lögum skorinn hinn sami þröngi stakkur og í upphafi.

Í nágrannalöndunum er litið þannig á, að skólar veiti einungis nauðsynlega þekkingu til þess, að menn hafi skilyrði til að afla sér staðgóðrar fræðslu og menntunar með ævilöngu sjálfsnámi, þess vegna verði allir að skólagöngu lokinni að eiga kost góðra bóka, hver við sitt hæfi. Á erlendum málum fjölgar sífellt handhægum fræðsluritum og handbókum í öllum fræðigreinum, en þrátt fyrir það, þótt þar sé í bókasöfnum, sem bæjar- og héraðsbókasöfn á Íslandi ættu að vera sambærileg við, kostur leiðbeininga af hálfu bókavarda, sem að loknu stúdentsprófi og námi við störf í góðu og gildu almenningsbókasafni hafa numið í tvö til þrjú ár í bókavardaskóla, þykir nú nauðsynlegt, að til séu bókasöfn í barna- og framhaldsskólum, þar sem nemendunum sé kennt að átta sig á skráningarkerfi bóka og þeir enn fremur fái til-

sögn í að nota handbækur og fræðirit og leita heimilda um ýmis efni. Þá eru og víða í bókasöfnum, sem íslensk bæjar- og héraðsbókasöfn ættu að vera sambærileg við, starfræktir leshringir undir handleiðslu bókavarða, fluttir fyrirlestrar, komið á bókmenntakynningum, sýndar kvikmyndir með skýringum og skirskotun til bóka, og jafnvel eiga menn í sumum slíkum söfnum kost á margs konar hljómplötum og fá til afnota sérstök heyrnartæki til að hlýða á lögin. Loks eru í mörgum slíkum söfnum herbergi, þar sem unglíngum er kennd hagkvæm tómsundaiðja.

Í skólamálum hafa Íslendingar kappkostað að komast jafnfætis þeim menningarþjóðum, sem þar standa fremstar, og þeirri þjóð, sem lengi skipaði hinn virðulegasta sess meðal menningarþjóða heims sakir heimafræðslu og sjálfsnáms, mundi illa sæma að nota sér ekki til hlítar þá glæsilegu möguleika til framhaldsfræðslu, sem vel og myndarlega starfrækt almenningsbókasöfn veita öðrum menningarstofnunum fremur.

Samkvæmt lögnum um almenningsbókasöfn hafa framlög til héraðsbókasafna, sem ekki eru um leið bæjarbókasöfn, numið undanfarin ár á hvern íbúa bókasafnahverfanna eins og hér segir: Frá hlutaðeigandi hreppi kr. 12.00, á móti frá ríkissjóði kr. 5.00. Frá sýslusjóði kr. 3.00, á móti frá ríkinu kr. 2.50. Meðaltal á íbúa í öllum bókasafnahverfum, þar sem bæir standa ekki að héraðsbókasafni, var samkvæmt lögnum árið 1958 kr. 9.65. Umframgreiðslur voru svo fáar og smáar frá heimaaðilum, að þær breyta engu um þessa niðurstöðu, og greiðslan frá ríkissjóði er lögbundin.

Til bæjar- og héraðsbókasafna eru framlög bæjanna samkvæmt lögnum kr. 15.00 á íbúa og kr. 7.50 frá ríkinu og úr sýslusjóði kr. 3.00 á hvern einstakling í bókasafnshverfinu og kr. 2.50 frá ríkinu. Meðaltal á íbúa í öllum bókasafnahverfunum, þar sem bæjarbókasöfn eru um leið héraðsbókasöfn, er kr. 14.00, en bæirnir hafa lagt meira til safnanna en lögskilið lágmark, svo að raunveruleg framlög til þessara safna námu kr. 24.20 að meðaltali á íbúa árið 1958.

Lögboðin framlög til þeirra fjögurra bæjarbókasafna utan Reykjavíkur, sem bæirnir standa einir að, nema að meðaltali kr. 22.50 á íbúa, en bæirnir hafa allir greitt meira en lögskilyt er, svo að meðaltal raunverulegra framlaga varð á íbúa árið 1958 kr. 30.44.

Lögskipað framlag á íbúa í Reykjavík nam kr. 12.50, en raunverulegt framlag vegna umframgreiðslu bæjarins kr. 30.10.

Hér fara svo á eftir greiðslur á hvern íbúa til almenningsbókasafna í nokkrum bókasafnahverfum í Svíþjóð, Danmörku og Noregi árið 1958, og er sænsk króna reiknuð á 7 kr. íslenskar, en dönsk og norsk á 5 kr.

<i>Svíþjóð:</i>	<i>Danmörk:</i>	<i>Noregur:</i>
1. Karlskróna 115.00	1. Lemvig 109.37	1. Rjúkan 84.00
2. Vesturás 105.70	2. Assens 80.00	2. Tönsberg 69.75
3. Visby 68.53	3. Hilleröd 56.75	3. Kristianssandur 56.35
4. Lundur 68.44	4. Kalundborg 55.00	4. Hamar 50.65
5. Málmey 66.36	5. Silkiborg 50.00	5. Haugasund 35.00
6. Eskiltuna 59.30	6. Álaborg 48.00	6. Álasund 30.00
7. Gautaborg 57.96	7. Kaupmannahöfn 47.50	7. Niðarós 26.56
8. Gävle 54.32	8. Árósar 40.00	8. Ósló 25.15
9. Stokkhólmur .. 52.70	9. Óðinsvé 36.20	9. Bergen 24.75
10. Jönköping 42.15	10. Esbjerg 25.60	10. Stafangur 20.30

Nú er það staðreynd, að því fámennara sem bókasafnshverfi er, því herra þarf framlagið að vera miðað við íbúa, og ef borin eru saman framlög hér og hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum, verður ljóst, hve langt við stöndum að baki þessum þjóðum um skilning á gildi almenningsbókasafna. Er samanburðurinn enn þá óhagstæðari en þarna kemur fram, því að ýmsar bækur og bókaflókkar eru mun ódýrari í Svíþjóð, Danmörk og Noregi en með oss Íslendingum.

4.

Til héraðsbókasafna, sem kaupstaðir standa ekki að, runnu árið 1958 samtals 374520 kr. Þar af voru 115440 kr. eða 30.8 % frá 17 hreppum, meðaltal á hrepp 6790 kr., 115077 kr. eða 30.7% frá 19 sýslum, meðaltal á sýslu 6056 kr., og 144003 kr. frá ríkinu eða 38.5%. Meðaltekjur á safn voru 22031 kr., lægstu tekjur 7544 kr., en hæstu tekjur 61039 kr. Lægstar tekjur hafði safnið á Reykhólum, en hæstar Héraðsbókasafn Árnesinga á Selfossi. Meðalverð á bókum í forlagsbandi mun nú ekki lægra en 150 kr. á eintak, þegar tekið er tillit til bóka af ýmsu tagi og misjafnri stærð og gerð, og virðist auðsætt, að með rúmlega 20 þús kr. meðaltekjum geti héraðsbókasafn alls ekki starfað þannig, að starfsemi þess komi að verulegum notum, hvað þá að hún geti orðið sambærileg við það, sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Samkvæmt þessu frumvarpi eiga framlögin að nema samtals til þessara 17 safna 1129038 kr., og verða það kr. 29.14 á hvern íbúa í öllum bókasafnahverfunum í stað kr. 9.65 samkv. núgildandi lögum. Hækkunin nemur 754568 kr., og skiptist hún þannig á aðila:

Seytján hreppar greiða 181650 kr. eða 24.1%, meðaltal á hrepp kr. 10685.19, sýslur borga 156327 kr. eða 20.7%, meðaltal á sýslu 3968 kr., og loks bókasafnasjóður 416591 kr. eða 55.2%. Öll framlögin til þessara safna nema að meðaltali 66417 kr. á safn í stað 22031 kr. samkv. lögnum frá 1955. Lægstar verða tekjurnar hjá safninu á Reykhólum 22182 kr., en hæstar hjá safni Árnesinga á Selfossi, 180798 kr. Bæði meðaltalið og lægsta talan sýna, að ekki er gengið óhóflega langt um hækkun framlaga, en þeir, sem líta á fylgiskjal, sem sýnir framlögin samkv. gildandi lögum og samkv. frumvarpinu, munu gera sér þess ljósa grein, hvað aðstaða þessara safna er bætt frá því, sem verið hefur, án þess að íþyngt sé verulega hreppum og sýslum.

Til 9 bæjarbókasafna, sem um leið eru héraðsbókasöfn, námu framlög 1958 samkv. lögum 687012 kr., þar af frá bæjum 412408 kr. eða 60%, frá sýslum 54948 kr. eða 8%, og 219656 kr. frá ríkinu eða 32%. Meðaltal á hvert bæjarfélag var 45823 kr., og á hverja sýslu 6105 kr. Meðaltekjur hjá söfnunum voru 76335 kr., en lægstu tekjur 23992 kr. hjá safninu á Seyðisfirði, en hæstu 155436 kr. hjá Amtsbókasafninu á Akureyri. Lágmarkskrafa til slíkra safna er, að þau kaupi allar bækur, sem út koma á íslenzku, og nokkur eintök af þeim, sem helzt er spurt eftir, kaupi erlendar bækur, fræðirit og handbækur á ensku og Norðurlandamálum og eitthvað af skáld- og skemmtiritum á þessum þjóðtungum, hafi opinn lestrarsal, launi einn til þrjá bókaverði, sem hafi bókavörzlu að aðalstarfi, og loks greiði húsaleigu, ljós og hita og sitthvað, sem til fellur og ekki verður hjá komizt. Mundi því engum dyljast, að þær tölur, sem nefndar eru í lögnum um almenningsbókasöfn, eru frekar viðurkenning á réttmæti slíkra safna en raunhæft mat á kostnaði við skynsamlegan og raunar nauðsynlegan rekstur þeirra, enda hafa bæirnir bætt þarna úr skák. Umframgreiðslur þeirra nema á árinu 1958 samtals 485489 kr. eða að meðaltali frá hverjum bæ 53943 kr., og er það talsvert meira en 100% hækkun. Þó eru söfnin hvergi starfrækt þannig, að sambærilegt sé við söfn af sama tagi í nágrannalöndunum, enda nema raunveruleg framlög, þar með taldar umframgreiðslur þriggja sýslna, Gullbringusýslu, Skagafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu, ekki nema kr. 21.57 á hvern íbúa í öllum bókasafnahverfunum. Til dæmis um það, hve framlögin samkvæmt lögnum frá 1955 eru fráleitlega lág, má taka tekjur og rekstur bókasafnanna á Ísafirði og í Hafnarfirði 1958. Safnið á Ísafirði á að fá sem lágmarksgreiðslu frá bæjarfélaginu 40575 kr., en greiðsla bæjarins það ár til safnsins varð 134239 kr. eða meira en þreföld við það, sem lögin gera ráð fyrir. Og hve viðtæk er svo starfsemin? Bókavörður hefur lífvænleg árslaun, en enga aðstoð, og lestrarsalur er opin síðari hluta dags þá mánuði ársins, sem menn hafa helzt aðstoðu til að sitja við lestur og athugun ýmiss konar heimilda. Í Hafnarfirði er lögskilt framlag bæjarins árið 1958 86414 kr., en raunverulegt framlag 213000 kr. Þar eru tveir bóka-verðir á sæmilegum árslaunum, og þar er opinn lestrarsalur, en safnið hefur ekki

fjárhagsaðstöðu til að nota efri hæðina í hinu glæsilega bókasafnshúsi, heldur hefur stjórn safnsins talið sig neyddu til að leigja hana til skólahalds, og safnið hefur ekki haft svo rúm fjárráð, að það geti keypt bækur eftir brýnustu þörfum.

Samkvæmt því frumvarpi, sem hér kemur fram, nema framlögin til þessara safna samtals 1553621 kr., þar af frá bæjum 720865 kr., sýslum 130002 kr. og frá bókasafnasjóði 702754 kr. eða 45.2%, móti 32% frá ríkinu samkv. nógildandi lögum. Meðaltal á hvert bæjarfélag verður 80096 kr. og á hverja sýslu 14445 kr., og meðaltekjur safnanna verða 172625 kr., lægstu tekjur 64732 kr. hjá Amtsbókasafninu á Seyðisfirði og hæstu 348068 kr. hjá Amtsbókasafninu á Akureyri. Hækkun framlaga nemur alls 866609 kr. Þar af greiða bæirnir 308457 kr. eða 35.6%, og 34273 kr. að meðaltali, sýslur 75054 kr. eða 8.7%, og 8339 kr. að meðaltali, og bókasafnasjóður 483098 kr. eða 55.7%. Tekjur safnanna nema kr. 31.75 á íbúa í stað 14 kr. samkv. nógildandi lögum. Ef bæirnir drægju ekkert úr framlögum sínum frá því, sem þau voru árið 1958, næmu framlögin 226568 kr. að meðaltali á hvert safn og kr. 41.67 á íbúa bókasafnahverfanna allra. Ef borið er saman við tekjur safnanna í nágrannalöndunum, Svíþjóð, Danmörku og Noregi, munu menn sjá, að þarna mundi ekki of langt gengið í ákvörðun framlaganna.

Tekjur þeirra fjögurra bæjarbókasafna utan Reykjavíkur, sem sýslur standa ekki að, voru 1958 samkv. lögnum um almenningsbókasöfn samtals 275887 kr., þar af 186969 kr. frá bæjunum sjálfum, en 88918 kr. frá ríkinu. En með umframgreiðslum bæjanna urðu tekjur safnanna samtals 310576 kr., eða kr. 31.42 á hvern íbúa. Samkvæmt frumvarpinu á lögbindið framlag til þessara safna að verða 577835 kr. eða 144460 kr. á hvert safn og kr. 45.50 á hvern íbúa.

Hækkunin nemur 301948 kr., þar af 114184 kr. frá bæjunum sjálfum eða 37.8%, en 187764 kr. eða 62.2% frá bókasafnasjóði.

Bæjarbókasafn Reykjavíkur er stærsta almenningsbókasafn landsins. Lágmarkstekjur þess áttu að nema árið 1958 839213 kr. samkv. lögnum frá 1955, þar af 20% úr ríkissjóði, en þær urðu sakir umframgreiðslna úr bæjarsjóði 2221862 kr., og varð því framlag ríkisins aðeins 7.5%. Það mundi ekki leika á tveim tungum, að gjaldgeta Reykjavíkur sé meiri en annarra bæjarfélaga hér á landi, og kemur þar sitthvað til. Enn fremur er það staðreynd, að eftir því sem bókasafnshverfi er fjölmennara, því lægra gjald þarf á hvern íbúa, til þess að rekstur almenningsbókasafns geti orðið viðhlítandi. En engin sanngirni mælir með því, að Reykjavík sitji við jafnskarðan hlut af hálfu ríkisins til bókasafnsmála framvegis og hingað til. Þess vegna er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að framlag bókasafnasjóðs til Bæjarbókasafns Reykjavíkur hækki hlutfallslega frá áður ákveðnu ríkisframlagi meira en til nokkurs annars safns — eða úr 167843 kr. miðað við árið 1958 í 518062 kr. En þrátt fyrir þessa hækkun mundu ekki tekjur bókasafnsins nema meiru en 36 kr. á íbúa árið 1962, þótt bæjar-sjóður drægi ekkert úr greiðslum sínum frá því, sem þær eru nú, en eins og sýnt er hér að framan, greiddi Kaupmannahöfn á árinu 1958 kr. 47.50 á íbúa til almenningsbókasafna og Stokkhólmur kr. 52.70, Ósló hins vegar aðeins kr. 25.15. Sé ekki gert ráð fyrir neinum umframgreiðslum frá Reykjavíkurbæ, nema tekjur bæjarbókasafnsins aðeins kr. 27.50 á íbúa eftir samþykkt frumvarpsins, og er auðsætt af þessu, að ekki er óhóflega bættur hlutur einnar hinnar mestu menningarstofnunar höfuðstaðarins með fyrirhugaðri breytingu á ákvæðum um framlög.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að lágmarksframlög til sveitarbókasafna og lestrarfélaga tvöfaldist, sveitir greiði 10 kr. í stað 5 kr. á íbúa og bókasafnasjóður sömu upphæð á móti. Þá er og gert ráð fyrir, að hámarksgreiðsla bókasafnasjóðs til þessara safna geti komizt upp í 25 kr. á hvern íbúa, en hámarksgreiðsla ríkisins er nú kr. 12.50. Bókasafn í sveit, sem í eru 200 íbúar, hefur nú 2000 kr. lágmarkstekjur, þar af 1000 kr. frá ríkinu, en með 20 kr. heimaframlagi á íbúa geta tekjurnar orðið 6500 kr., þar af úr ríkissjóði 2500. Eftir samþykkt þessa frumvarps verða lágmarkstekjur slíks safns 4000 kr., þar af 2000 úr bókasafnasjóði, en tekjurnar geta með 30 kr. heimaframlagi komizt upp í 10000 kr., þar af 4000 kr. úr bókasafnasjóði. Þó að lág-

marksgreiðsla til sveitarbókasafna hækki samkvæmt frumvarpinu um 100%, þarf vart að gera ráð fyrir, að greiðslur til þeirra úr bókasafnasjóði verði fyrst um sinn nema 50% hærri en greiðslur ríkisins eru áætlaðar samkv. nógildandi lögum. Þetta er sakir þess, að allmargar sveitir hafa greitt undanfarið til safna sinna það háa upphæð, að hámarksgreiðsla úr ríkissjóði hefur komið á móti, en framlag til slíkra safna mun að líkindum ekki hækka nema tiltölulega lítið á næstu árum.

5.

Þá er komið að bókasöfnum í skólum og opinberum stofnunum. Þau er heimilt, en ekki lögskilyrt að stofna og starfrækja samkv. nógildandi lögum, og þykir rétt, að sú skipan haldist að sinni.

Í tillögunum um fjárframlög er hækkað ríkisframlag til skólabókasafna um 100%, enda áður svo lágt, að það hefur komið að mjög litlu gagni nema í fjölmennustu skólunum — og auk þess verð á bókum hækkað að miklum mun, síðan framlög voru ákveðin, svo sem áður getur. Hins vegar þykir viðhlítandi, þótt tillagið til bókasafna annarra opinberra stofnana hækki ekki nema úr kr. 25.00 í kr. 40.00. Þessar hækkanir mundu ekki nema meiru en 60—70 þús. kr. á ári, miðað við að bókasöfn í öðrum skólum en heimavistarskólum nytu einskis styrks, eins og löggin frá 1955 ákveða.

Svo sem áður er á minnzt hér að framan, er með frændþjóðum okkar á Norðurlöndum lögð mikil áherzla á starfrækslu bókasafna í öllum skólum, og njóta þau mjög riflegs styrks af hendi ríkisins. Þau þykja þar slík menningarleg nauðsyn, að engan veginn sé sæmilegt, að ríkið láti sig þau engu varða. Undanfarin ár hafa menningarfulltrúar frá öllum Norðurlöndum fjallað um skipan slíkra safna, verið dregin saman gögn og margvíslegar upplýsingar um starf þeirra og starfsaðstöðu og gerðar ýtarlegar athuganir á því, hvernig haga beri starfsemi þeirra og skipan framvegis, svo að þau megi koma að sem mestu haldi í allri fræðslu í skólunum og um leið renna stoðum undir sjálfsnám nemendanna að skólagöngu lokinni. Hefur verið leitað til menntamálaráðuneytisins hér um upplýsingar um ástand og starf slíkra safna hjá okkur Íslendingum og því sendar álitserðir og athuganir um störf þeirra, starfsaðstöðu og framtíðarfyrirkomulag með hinum Norðurlandaþjóðunum. Við athugun á þessum gögnum hefur menntamálaráðuneytinu, fræðslumálastjóra og bókafulltrúa orðið það enn ljósara en áður, hve skammt við erum á veg komnir á þessum vettvangi og hve lítt bókasafnmálum skólanna hefur hér verið gaumur gefinn, samtímis því, sem að því hefur verið keppt að gera starfsaðstöðu þeirra sem bezta á öðrum sviðum og til þess árlega verið varið miklu fé.

Eru þessir aðilar sammála um, að svo búið megi ekki standa, og þess vegna eru ákvæði um það í frumvarpi þessu, að öllum skólum sé heimilt framlag úr bókasafnasjóði til starfrækslu bókasafna. Skulu söfn í heimangönguskólum njóta sama styrks og söfn heimavistarskóla, að öðru leyti en því, að í heimangönguskólunum miðist framlagið aðeins við nemendur, en í hinum einnig við kennara og starfsfólk, sem er nýtt ákvæði í þessu frumvarpi, reist á svo ljósum rökum, að það þarfnast ekki skýringa. Þá er og í frumvarpinu ákvæði um það til að létta stofnun skólabókasafna, að tvö fyrstu starfsárin greiði bókasafnasjóður til slíks safns 50% móti því heimaframlagi, sem fram yfir er 20 kr. á einstakling, þó aldrei gegn herra framlagi en 40 kr. Getur því framlag sjóðsins til nýstofnaðs safns komizt upp í 30 kr. á hvern einstakling, sem við er miðað.

Nú mundi ekki þurfa að gera ráð fyrir, eftir reynslunni af notkun framlagsheimildarinnar í lögnum frá 1955, að allar skólanefndir muni nota sér hin nýju ákvæði, og mundi hæfilega áætlað, að þau hefðu í för með sér þá hækkan útgjalda, að til bókasafna í skólum og öðrum opinberum stofnunum þurfi að ætla úr bókasafnasjóði 600000.00 kr. fyrsta árið og litlu meira þau næstu.

En í frumvarpinu eru fleiri nýmæli um skólabókasöfn en þau, sem þegar hefur verið á minnt. Nauðsynlegt er, að bókafulltrúi hafi sér til ráðuneytis um skipan, starfstílhögun og bókaval slíkra safna sérfróða menn um uppeldismál og skólabókasöfn.

Loks er það ákvæði, að úr bókasafnasjóði sé árlega varið 25000.00 kr. til tvennra verðlauna fyrir beztu barna- og unglíngabækur, sem koma frá hendi íslenzkra höfunda, og þykir eðlilegt, að um þær dæmi, ásamt bókafulltrúa, sömu menn og valdir verða honum til aðstoðar og ráðuneytis almennt um málefni skólabókasafna. Gildi góðra barna- og unglíngabóka hefur ekki verið metið hér á landi eins og vert er — og þá ekki heldur starf þeirra höfunda, sem slíkar bækur hafa skrifað. Mjög víða erlendis hefur sá háttur verið tekinn upp, að menntamálaráðuneyti landanna verðlauni árlega slíkar bækur, og hefur það orðið til að ýta undir hæfa rithöfunda um að skrifa fyrir börn og unglínga og vakið athygli alls þorra manna á gildi góðra barna- og unglíngabóka og um leið á skaðsemi hinna lélegu.

6.

Þá skal gerð nokkur grein fyrir útgjaldaaukningu ríkissjóðs sjálfs vegna samþykktar þessa frumvarps. Samkvæmt áætlun bókafulltrúa, sem send var menntamálaráðuneytinu 16. júní 1959, mundu útgjöld ríkisins til almenningsbókasafna verða á árinu 1960 eins og hér segir, að þeim lögum óbreyttum, sem nú gilda:

1. Til bæjar- og héraðsbókasafna 640.000 kr.
2. Til sveitarbókasafna og lestrarfélaga 500.000 —
3. Til bókasafna í skólum og öðrum opinberum stofnunum 110.000 —

Samtals 1250.000 kr.

Undanfarin ár hafa og verið veittar í fjárlögum til byggingar bókasafna og húsabóta handa söfnum 175000.00 kr. Með þeirri upphæð yrðu þá öll útgjöldin 1425000.00 kr., en samkvæmt þessu frumvarpi 2575000 kr. Þarna er þá um að ræða hækkun, sem nemur 1150000 kr. En bókafulltrúi hefur margsinnis bent á, að lægsta upphæð á fjárlögum, sem verða megi að verulegu gagni til byggingar bókasafna, sé 250000.00 kr. Loks má svo minna á þá geipilegu hækkun, sem orðið hefur á verði bóka síðan 1954 og auk þess á öðrum kostnaði við starfrækslu safnanna. Til sömu aðstöðu þeirra og árið, sem löggin um almenningsbókasöfn voru samin, hefur bókafulltrúi áætlað að ekki þurfi lægri viðbótargreiðslu af hendi ríkissjóðs en 900 þús. kr. og auk þess verði Alþingi að gera ráðstafanir til breytinga á lögnum, sem hafi í för með sér samsvarandi hækkun frá bæjum, sýslum og hreppum.

7.

Ýmis nýmæli frumvarpsins eru mjög smávægileg og orsakir og tilgangur sumra svo auðsær, að ekki er ástæða til að skýra þau, en hér skal nú vikið að nokkrum fleiri meginatriðum en þegar hefur verið um fjallað.

Er þá fyrst eftirlit með bókasöfnum. Í núgildandi lögum er ætlað til þess, að öll bókasöfn landsins séu eingöngu háð eftirliti bókafulltrúa og námsstjóra. Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að öll sveitarbókasöfn og söfn í framhaldsskólum og í sjúkrahúsum og hælum innan hvers bókasafnshverfis séu háð eftirliti bæjar- eða héraðsbókavardar. Þessir bókaverðir eru sérfróðir um skipan og starfrækslu bókasafna, og er eðlilegast, að eftirlitið sé framkvæmt af þeim. Hins vegar er ákvæði um það í 27. gr., að námsstjórar hafi umsjá með bókasöfnum í barnaskólum. Þeir skólar eru yfirleitt háðir eftirliti þeirra, og liggur því beint við, að þeir athugi þar einnig starf og ástand bókasafna.

Í 11. og 12. gr. er fjallað um þá bókaverði bæjar- og héraðsbókasafna, sem hafa bókavörzlu að aðalstarfi, kröfur um menntun þeirra og ákvæði um laun og ráðningu. Með samþykkt þessa frumvarps mun starfsemi þessara safna verða svo mikilvægur þáttur í menningar- og fræðslustarfi hlutaðeigandi bókasafnahverfis, að gera verður strangar kröfur til menntunar og sérþekkingar bókavarda, en eins og sakir standa nú, mundi ekki henta, að þeir einir fengju rétt til slíkra starfa, sem lokið hafa prófi í bókavörzlu, þar eð enn er aðeins vól mjög fárra slíkra manna. En til þess að hæfir menn fái til að helga bókasöfnunum starfskrafta sína, er nauðsynlegt að samræma launakjör og ákveða launin þannig, að þau séu lífvænleg.

Í 13. gr. er kveðið á um ráðningu bókavarda við þau bæjar- og héraðsbókasöfn, sem ekki munu hafa það rúman fjárhag, að þau geti haft bókavörð á fullum launum. Til slíkra bókavarda verða ekki gerðar sömu kröfur og til hinna, en ákvæði greinarinnar miða að því að tryggja, að til starfanna veljist eins hæfir menn og áhugasamir og vól er á. Mundi víða vel henta, að kennarar, sem aðeins kenndu lögskilda tíma og væru bókróðir og skylduræknir, tækju að sér bókavörzlu við slík söfn, og sama máli er að gegna um sveitarbókasöfn í fjölmönnum kaupþúnum.

8.

Skylduframlög sýslna, hreppa, þar sem héraðsbókasöfn eru staðsett, og 8 bæja, Kópavogs, Akraness, Sauðárkróks, Ólafsfjarðar, Húsavíkur, Seyðisfjarðar, Neskaupstaðar og Vestmannaeyja, hækka við samþykkt frumvarpsins frá raunverulegum framlögum árið 1958 um 433810.00 kr., en á móti þeirri hækkun kemur úr bókasafnasjóði hækkun, sem nemur 705890.00 kr. Hjá Reykjavík og 5 öðrum bæjum, Keflavík, Hafnarfirði, Ísafirði, Sauðárkróki og Akureyri, verða skylduframlög lægri en raunveruleg framlög 1958, en framlag bókasafnasjóðs, áður ríkissjóðs, hækkar til þessara aðila um 713479.00 kr., þar af til Bæjarbókasafns Reykjavíkur 350219.00 kr. og 363260.00 kr. til safna í hinum bæjunum. Framlög til sveitarbókasafna hækka um 250000.00 kr. (áætluð upphæð). Framlög alls til bæjar- og héraðsbókasafna nema kr. 30.35 á hvern íbúa í landinu, þar af kr. 18.35 frá bæjum, sýslum og hreppum, en kr. 12.00 frá bókasafnasjóði. Séu talin með framlög til sveitarbókasafna, nema framlögin kr. 40.65 á hvern íbúa í bæjum, þorpum og sveitum. Auk þessa eru svo framlög til bókasafna í skólum og öðrum opinberum stofnunum.

Það, sem vinnst við samþykkt þessa frumvarps og frumvarps um bókasafnasjóð, er eins og hér segir:

1. Að bæjarbókasöfnin öll fá stórum bætt skilyrði til viðhlítandi starfrækslu.
2. Að héraðsbókasöfn, sem ekki eru um leið bæjarbókasöfn, öðlast sæmilega möguleika á að verða að gagni, en hafa verið með öllu vanmegnug til þeirrar þjónustu, sem þeim er ætluð.
3. Að bætt er að mun afkoma sveitarbókasafna.
4. Að starfsskilyrði bókasafna í heimavistarskólum og hælum eru bætt og öllum barna- og framhaldsskólum gert fært að stofna og starfrækja bókasöfn.
5. Að möguleikar á húsabótum safnanna eru mjög auknir og þar með undir það ýtt, að vikkad verði starfssvið safnanna og stofnað til nýmæla í rekstri þeirra.
6. Að betur en áður er tryggt eftirlit með starfrækslu allra almenningsbókasafna.
7. Að stuðlað verður að bættum íslenskum bókakosti handa börnum og unglíngum.
8. Að möguleikar á stofnun og rekstri héraðsskjalasafna eru stórum auknir.

Fylgiskjal.

Bæjar- og héraðsbókasöfn.

Nöfn	Framlög 1958 skv. núgildandi lögum			Rauveruleg framlög 1958			Greitt umfram lögskv. framl. 1958				
	Bær eða hreppur	Sýsla	Ríkis-sjóður	Bær eða hreppur	Sýsla	Ríkis-sjóður	Bær eða hreppur	Sýsla	Samt.		
1. Bæjar- og héraðsbs. í Keflavík	59 639	10 815	36 776	107 230	20 815	36 776	187 591	70 361	10 000	80 361	1.
2. Bæjar- og héraðsbs. í Hafnarfirði	86 414	4 143	37 028	127 615	4 143	37 053	254 201	126 586	—	126 586	2.
3. Bæjarbókas. í Kópavogi	69 818	—	32 501	102 319	—	32 501	118 784	16 465	—	16 465	3.
4. Bæjarbókas. í Reykjavík	671 370	—	167 843	839 213	2 054 020	—	1 678 843	2 221 863	—	1 382 650	4.
5. Héraðsbókas. Kjósarsýslu	7 920	6 393	8 628	22 941	7 920	6 393	8 628	22 941	—	—	5.
6. Bæjar- og héraðsbs. á Akran.	53 295	1 869	28 206	83 370	82 053	1 869	28 206	112 128	—	28 758	6.
7. Héraðsbókas. Borgarfjarðar	9 744	8 007	10 733	28 484	10 595	8 007	10 733	29 335	—	851	7.
8. Amtsbókas. í Stykkishólmi	10 932	10 359	13 188	34 479	10 932	17 359	13 188	41 479	—	7 000	8.
9. Héraðsbókas. Dalasýslu	2 928	3 330	3 995	10 253	2 928	3 330	3 995	10 253	—	—	9.
10. Héraðsbókas. A-Barð.	2 988	1 806	2 750	7 544	2 988	1 806	2 750	7 544	—	—	10.
11. Héraðsbókas. V-Barð.	10 008	5 703	8 923	24 634	10 008	5 703	8 923	24 634	—	—	11.
12. Héraðsbókas. V-Ísafjarðars.	6 204	5 445	7 123	18 772	6 204	5 445	7 123	18 772	—	—	12.
13. Bæjar- og héraðsbs. á Ísaf.	40 575	5 511	24 881	70 967	134 239	5 511	24 881	164 631	—	93 664	13.
14. Héraðsbókas. Strandasýslu	4 956	4 917	6 163	16 036	4 956	5 000	6 163	16 119	—	83	14.
15. Héraðsbókas. V-Hún.	3 912	4 116	5 060	13 088	3 912	4 200	5 060	13 172	—	84	15.
16. Héraðsbókas. A-Hún.	6 624	6 822	8 445	21 891	12 000	10 000	8 445	30 445	5 376	3 178	16.
17. Bókasafn Skagfirðinga	16 785	8 157	15 191	40 133	26 875	18 157	15 191	60 223	10 090	10 000	17.
18. Bæjarbókas. Siglufjarðar	41 280	—	20 640	61 920	89 483	—	20 640	110 123	48 203	—	18.
19. Bæjarbókas. Ólafsfjarðar	13 260	—	16 630	19 890	14 000	—	6 630	20 630	740	—	19.
20. Amtsbókas. á Akureyri	103 425	11 445	40 566	155 436	227 000	11 445	40 566	279 011	123 575	—	20.
21. Bókasafn Þingeyinga	20 865	8 316	17 363	46 544	23 900	11 316	17 363	52 579	3 035	3 000	21.
22. Héraðsbókas. N-Þing.	3 900	5 982	6 610	16 492	3 900	12 000	6 610	22 510	—	6 018	22.
23. Amtsbókas. á Seyðisfirði	10 920	4 152	8 920	23 992	20 000	4 152	8 920	33 072	9 080	—	23.
24. Bókasafn Héraðsbúa	2 496	5 565	5 678	13 739	2 496	5 565	5 678	13 739	—	—	24.
25. Bæjar- og héraðsbs. í Neska.	20 490	540	10 695	31 725	41 000	540	10 695	52 235	20 510	—	25.
26. Héraðsbókas. á Eskifirði	8 460	9 861	11 743	30 064	8 460	9 861	11 743	30 064	—	—	26.
27. Héraðsbókas. A-Skaft.	6 408	3 729	5 778	15 915	13 350	3 729	5 778	22 857	6 942	—	27.
28. Héraðsbókas. V-Skaft.	6 252	4 278	6 170	16 700	6 252	4 278	6 170	16 700	—	—	28.
29. Bæjarbókas. Vestmannaeyja	62 611	—	29 147	91 758	110 029	—	29 147	139 176	47 418	—	29.
30. Héraðsbókas. Rangárvallasýslu	3 900	9 231	9 318	22 449	5 824	9 231	9 318	24 373	1 924	—	30.
31. Héraðsbókas. Árnessýslu	17 808	19 533	23 698	61 039	17 808	19 533	23 698	61 039	—	—	31.

Samtals 1 388 187 170 025 620 420 2 176 632 3 382 415 209 388 620 420 4 212 223 1 996 228 39 363 2 035 591

Nöfn	Framiög skv. tillögum til lagabreytinga			Mismunur frá núgildandi lögum				
	Bær eða hreppur	Sýsla	Ríkissj. Bókas.	Samtals	Bær eða hreppur	Sýsla	Ríkissj. (Bókass.)	Samtals
1. Bæjar- og héraðsbókas. í Keflavík	109 200	25 991	113 351	248 542	49 561	15 176	76 575	141 312
2. Bæjar- og héraðsb. í Hafnarfirði	131 940	10 465	109 420	251 825	45 526	6 322	72 362	124 210
3. Bæjarbókasafnið í Kópavogi	102 000	—	76 500	178 500	32 182	—	43 999	76 181
4. Bæjarbókasafnið í Reykjavík	1 381 500	—	518 062	1 899 562	710 130	—	350 219	1 060 349
5. Héraðsbókasafn Kjörsarsýslu	21 300	15 820	37 120	74 240	13 380	9 427	28 492	51 299
6. Bæjar- og héraðsbókasafnið á Akranesi	90 975	4 480	77 260	172 715	37 680	2 611	49 054	89 345
7. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar	25 200	18 809	44 009	88 018	15 456	10 802	33 276	59 534
8. Amtsbókasafnið í Stykkishólmi	28 140	24 577	52 717	105 434	17 208	14 218	39 529	70 955
9. Héraðsbókasafn Dalasýslu	7 530	7 889	15 419	30 838	4 602	4 559	11 424	20 585
10. Héraðsbókasafn A.-Barðastrandarsýslu	7 080	4 011	11 091	22 182	4 092	2 205	8 341	14 638
11. Héraðsbókasafn V.-Barðastrandarsýslu	25 320	13 279	38 599	77 198	15 312	7 576	29 676	52 564
12. Héraðsbókasafn V.-Ísafjarðarsýslu	15 660	12 754	28 414	56 828	9 456	7 309	21 291	38 056
13. Bæjar- og héraðsbókasafnið á Ísafirði	80 610	12 936	80 101	173 647	40 035	7 425	55 220	102 680
14. Héraðsbókasafn Strandarsýslu	12 150	11 249	23 399	46 798	7 194	6 332	17 236	30 762
15. Héraðsbókasafn V.-Húnavatnssýslu	9 960	9 562	19 522	39 044	6 048	5 446	14 462	25 956
16. Héraðsbókasafn A.-Húnavatnssýslu	16 920	16 016	32 936	65 872	10 296	9 194	24 491	43 981
17. Bókasafn Skagfirðinga	33 030	18 996	46 523	98 549	16 245	10 839	31 332	58 416
18. Bæjarbókasafn Siglufjarðar	80 790	—	67 325	148 115	39 510	—	46 685	86 195
19. Bæjarbókasafn Ólafsfjarðar	26 160	—	26 160	52 320	12 900	—	19 530	32 430
20. Amtsbókasafnið á Akureyri	168 400	26 684	152 984	348 068	64 975	15 239	112 418	192 632
21. Bókasafn Þingeyinga	42 030	19 236	54 261	115 527	21 165	10 920	36 898	68 983
22. Héraðsbókasafn N.-Þingeyinga	9 240	13 804	23 044	46 088	5 340	7 822	16 434	29 596
23. Amtsbókasafnið á Seyðisfirði	22 440	9 926	32 366	64 732	11 520	5 774	23 446	40 740
24. Bókasafn Héraðsbúa	6 840	13 202	20 042	40 084	4 344	7 637	14 364	26 345
25. Bæjar- og héraðsbókasafnið í Neskaupstað	42 240	1 288	36 488	80 016	21 750	748	25 793	48 291
26. Héraðsbókasafnið á Eskifirði	21 840	22 911	44 751	89 502	13 380	13 050	33 008	59 438
27. Héraðsbókasafn A.-Skaftafellssýslu	17 160	9 044	26 204	52 408	10 752	5 315	20 426	36 493
28. Héraðsbókasafn V.-Skaftafellssýslu	15 270	9 919	25 189	50 378	9 018	5 641	19 019	33 678
29. Bæjarbókasafn Vestmannaeyja	110 500	—	88 400	198 900	47 889	—	59 253	107 142
30. Héraðsbókasafn Rangárvallasýslu	10 080	21 609	31 689	63 378	6 180	12 378	22 371	40 929
31. Héraðsbókasafn Árnessýslu	47 400	46 949	86 449	160 798	29 592	27 416	62 751	119 759
	2 718 905	401 406	2 039 795	5 160 106	1 352 718	231 381	1 419 375	2 983 474

Mismunur á tillögum og raunverulegu framlagi 1958

Nöfn	Bær eða hreppur		Sýsla	Ríkissj.	Samtals	
	Hækkun	Lækkun		(Bókass.) Hækkun	Hækkun	Lækkun
1. Bæjar- og héraðsbókas. í Keflavík ..	—	20 800	5 176	76 575	60 951	—
2. Bæjar- og héraðsbs. í Hafnarfirði ..	—	81 060	6 322	72 362	—	2 376
3. Bæjarbókasafnið í Kópavogi	15 717	—	—	43 999	59 716	—
4. Bæjarbókasafnið í Reykjavík	—	672 520	—	350 219	—	322 301
5. Héraðsbókasafn Kjósarsýslu	13 380	—	9 427	28 492	51 299	—
6. Bæjar- og héraðsbs. á Akranesi	8 922	—	2 611	49 054	60 587	—
7. Héraðsbókasafn Borgarfj.	14 605	—	10 802	33 276	58 683	—
8. Amtsbókasafnið í Stykkishólmi	17 208	—	7 218	39 529	63 955	—
9. Héraðsbókasafn Dalasýslu	4 602	—	4 559	11 424	20 585	—
10. Héraðsbókasafn A.-Barð.	4 092	—	2 205	8 341	14 638	—
11. Héraðsbókasafn V.-Barð.	15 312	—	7 576	29 676	52 564	—
12. Héraðsbókasafn V.-Ísafj.s.	9 456	—	7 309	21 291	38 056	—
13. Bæjar- og héraðsbókas. á Ísaf.	—	53 629	7 425	55 220	9 016	—
14. Héraðsbókasafn Strandasýslu	7 194	—	6 249	17 236	30 679	—
15. Héraðsbókasafn V.-Hún.	6 048	—	5 362	14 462	25 872	—
16. Héraðsbókasafn A.-Hún.	4 920	—	6 016	24 491	35 427	—
17. Bókasafn Skagfirðinga	6 155	—	839	31 332	38 326	—
18. Bæjarbókasafn Siglufjarðar	—	8 693	—	46 685	37 992	—
19. Bæjarbókasafn Ólafsfjarðar	12 160	—	—	19 530	31 690	—
20. Amtsbókasafnið á Akureyri	—	58 600	15 239	112 418	69 057	—
21. Bókasafn Þingeyinga	18 130	—	7 920	36 898	62 948	—
22. Héraðsbókasafn N.-Þing.	5 340	—	1 804	16 434	23 578	—
23. Amtsbókasafnið á Seyðisfirði	2 440	—	5 774	23 446	31 660	—
24. Bókasafn Héraðsbúa	4 344	—	7 637	14 364	26 345	—
25. Bæjar- og héraðsbs. í Neskaupst. ..	1 240	—	748	25 793	27 781	—
26. Héraðsbókasafnið á Eskifirði	13 380	—	13 050	33 008	59 438	—
27. Héraðsbókasafn A.-Skaft.	3 810	—	5 315	20 426	29 551	—
28. Héraðsbókasafn V.-Skaft.	9 018	—	5 641	19 019	33 678	—
29. Bæjarbókas. Vestmannaeyja	471	—	—	59 253	59 724	—
30. Héraðsbókas. Rangárvallasýslu	4 256	—	12 378	22 371	39 005	—
31. Héraðsbókasafn Árnessýslu	29 592	—	27 416	62 751	119 759	—
Samtals	231 792	895 302	192 018	1 419 375	1 272 560	324 677

Hækkun umfram lækkun kr. 947 883.